

BORGARRÁÐ 31. ágúst 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um flutning gagna frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns – PON23010028

Fyrirspurnin varðar lið 11 í fundargerð stafræns ráðs 23. ágúst þar sem lagt er fram svar við fyrirspurn Flokks fólksins um Borgarskjalasafn. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um ferlið við að leggja niður Borgarskjalasafn en aðdraganda að ákvörðuninni er lýst m.a. í svari frá borgarritara. Hvernig verður flutningi gagna háttað frá Borgarskjalasafni yfir á Þjóðskjalasafn, stafrænt eða með öðrum hætti. Með hvaða hætti ætlar borgin að safna saman þeim gögnum og upplýsingum sem geyma á hjá Þjóðskjalasafni? Hvaða deild eða svið eða aðilar innan borgarinnar eigi að sjá um flokkun og úrvinnslu þeirra gagna sem senda á til Þjóðskjalasafns? Hver er framtíðarhugsunin varðandi þær gagnaeiningar sem nú þegar hafa orðið til undir þjónustu og nýsköpunarsviði?